

# Minnisblað

Til: Bæjarráðs  
Frá: Guðmundi Gunnarssyni, bæjarstjóra  
Dags. 22. mars 2019  
Mnr. 2018020040



ÍSAFJARÐARBÆR

---

## Akstur skólabifreiðar Grunnskólans á Þingeyri

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar barst bréf 12. mars s.l., dagsett 8. mars 2019, þar sem Friðfinnur S Sigurðsson hjá Hópferðamiðstöð Vestfjarðar gerir athugasemd við skipulag og akstur skólabifreiðar Grunnskólans á Þingeyri.

Bæjarstjóri hefur fengið kynningu á málinu og sér ekki betur en að það hafi verið unnið fullkomlega eðlilega og með góðum stuðningi frá lögfræðingum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sveitarfélagið hefur rekstrarleyfi á bílinn, hann er skráður eins og lög og reglur gera ráð fyrir og sá bílstjóri sem vísað er til í bréfinu hefur þau réttindi sem krafa er gerð um til skólabílstjóra miðað við reglur Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Ljóst er að löggjöfin er ekki fullkomin og þær skyldur sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur á hendur sveitarfélaga og snúa að skólaakstri eru ekki í fullu samræmi við það sem stofnanir undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu segja. Enn er ekki komin niðurstaða í málið af hálfu ríkisins og meðan beðið er eftir þeirri niðurstöðu ekur maður með réttindi miðað við ströngustu kröfur á skólabíl.

GG